


# VIKRABORGIR Í ÖSKJU

## þróunarsaga  uppbyggingar

## SKIPULAGSDAGUR 15.SEPTEMBER 2017

Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt
Landmótun sf.

LANDMÓTUN sf


atthing /aripall

Gestaskjólið í Vikraborgum liggur í rúmlega 1000 mys.
Árlegur fjöldi ferðamanna á staðnum er um 15- 20 þúsund.
Reiknað með því að á næstu árum verði fjöldinn kominn í 25 þús.
Slóði frá Drekagili endar í bílastæði í Vikraborgum er 8 km.
Þar upphaf gönguleiðar inn að Víti og Öskjuvatni
.
Húsið er byggð á nýju hrauni sem rann í eldsumbrotum haustið 1961
.Landslag sem geimfarar æfður sig á 1965 þegar enn var hiti í gígunum.

Verkið var unnið í samvinnu milli
Landmótunar sf, Argos ehf og EFLU verkfræðistofu. 2012-2016
ÓÞ verktaka ehf sáu um að reisa byggingaframkvæmdir. 2017

LANDMÓTUN

# VIKRABORGIR VIÐ ÖSKJU

- FORSENDUR
- Askja er vinsælasti viðkomustaðir ferðamanna á norðurhálendinu.
- Áningarstaður í Vikraborgum opnast seint vegna snjóalaga svæðinu.
- Opnunartími er um 3 mánuðir fyrrihluti júlí fram í september.
- Nauðsynlegt er að auka eftirlit og fræðslu á svæðinu.

LANDMÓTUN

# VIKRABORGIR VIÐ ÖSKJU

- MARKMIÐ:
- Að bjóða upp á áningarstað með lágmarksþjónustu og fræðslu þar sem stutt er að fara inn að Öskjuvatni og Víti.
- SKILMÁLAR:
- Deiliskipulag geri ráð fyrir áningarstað við bílastæði, snyrtingu fyrir daggesti ásamt viðveruhúsi fyrir landverði og gestaskjóli í sama húsi til að auka öryggi, eftirlit og fræðslu.

- Byggt á STJÓRNUNAR-OG VERNDARÁÆTLU VJÞ:

# Reglur stjórnunaráætlunar VJÞ.

## Þjónustueiningarnar innan þjóðgarðsins .

- Þjónustusvæðum skal haldið í lágmarki . Byggt er á þegar byggðu svæði.
- Við gerð deiliskipulags og hönnun mannvirkja skal notast við bestu tækni til að sjá fyrir um útlit mannvirkja og ásýnd svæða áður en ráðist er í framkvæmdir.
- Mannvirki skulu vera lágreist, falla vel að landi og útlit þeirra samræmt en þó með sérstöðu einstakra svæða í huga.
- Vanda skal til alls frágangs mannvirkja og umhverfis þeirra og öllum frágangi umhverfis skal ljúka um leið og einstökum framkvæmdum við mannvirki lýkur.
- Tryggja skal að engin mengun verði af frárennsli frá mannvirkjum og allur frágangur frárennslislagna og rotþróa skal standast kröfur um frágang og hljóta samþykki heilbrigðisfulltrúa.
- Tryggja skal að engin mengun verði af völdum sorps sem fellur til frá þjónustueiningum og að flokkun og förgun úrgangs sé í samræmi við umhverfisstefnu þjóðgarðsins.

ÖNNUR VIÐMIÐ:

BYGGINGARREGLUGERÐ

MENNINGARSTEFNA Í MANNVIRKJAGERÐ

# SKIPULAGSFERLI

Óveruleg breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps, samþ sept 2016



## AÐALSKIPULAG SKÚTUSTAÐAHREPPS 2011-2023

Breyting á aðalskipulagi, ferðamannaaðstaða í Vikraborgum, Öskju



Gildandi skipulag Mkv.: 1:200.000

Breytt skipulag

Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, júlí 2013. Hluti skýringaruppdráttar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir óverulega breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 vegna aðstöðu fyrir ferðafólk í Vikraborgum við Öskju. Tilefni breytingarinnar er aukinn ferðamannastraumur og þörf fyrir að koma upp lágmarksaðstöðu á helstu áningar- og áfangastöðum í óbyggðum. Tilgangur með bættri aðstöðu ferðafólks er að bæta umgengi og öryggi á svæðinu.

Askja er innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs (2. útgáfa 12. júlí 2013) segir í kafla **9.4 Þjónustusvæði**:

> **Vikraborgir við Öskju**
>
> **Forsendur:** Vinsælasti viðkomustaðir gesta á norðurhálendinu er Askja. Áningarstaður í Vikraborgum getur opnast seint vegna snjóalaga á svæðinu. Nauðsynlegt er að auka eftirlit og fræðslu á svæðinu.
>
> **Markmið:** Að bjóða upp á áningarstað með lágmarksþjónustu og fræðslu þar sem stutt er að fara inn að Öskjuvatni og Víti.
>
> **Skilmálar:** Deiliskipulag geri ráð fyrir áningarstað fyrir daggesti með viðveruhúsi við bílastæðið til að auka eftirlit og fræðslu. Gert sé ráð fyrir gestaskjóli í sama húsi.

Í Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 segir m.a. í grein **1.2.1 Skipulag áfangastaða ferðamanna**:

> Við skipulagsgerð verði stuðlað að því að ferðafólki um miðhálendið standi til boða viðeigandi mannvirki og þjónusta og að ferðafólk dreifist þannig að álag á náttúru sé í samræmi við þol hennar. Við alla mannvirkjahönnun og framkvæmdir á hálendinu verði jafnframt lögð áhersla á að virðing sé borin fyrir náttúrulegu landslagi og viðhöfð sérstök aðgæsla sem tryggi að mannvirki falli sem best að umhverfi og rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.

Aðstaða í Vikraborgum verður þjónustusvæði skv. áætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og telst hvorki vera skálasvæði né fjallasel.

Ekki er gert ráð fyrir ferðaþjónustusvæðum eða áningarstöðum ferðamanna í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, sem skipulagsáætlunin miðast að öðru leyti við.

### 1. Breyting á greinargerð

**Gildandi skipulag**

Ekki er gert ráð fyrir sérstakri aðstöðu eða byggingarmöguleikum í Vikraborgum í gildandi aðalskipulagi.

**Breytt skipulag**

Nýr kafli er settur í greinargerð sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

**4.18 Afþreyingar- og ferðamannasvæði**

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhúsasvæði og skemmtigarðar. Undir þennan landnotkunarflokk falla einnig áningarstaðir ferðamanna þar sem einhver mannvirkjagerð er nauðsynleg s.s. salerni og aðstaða fyrir daggesti, með og án þjónustu.

| Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|
| 504- AF | 1 | Áningarstaður fyrir ferðamenn í Vikraborgum við Öskju | Óbyggt. Deiliskipulag er í vinnslu. | Salernishús og skýli fyrir landvörslu og daggesti, allt að 30 m² samtals. Form og litaval falli vel að umhverfinu. Uppbygging skv. deiliskipulagi. |

### 2. Breyting á skipulagsuppdrætti

Hringtákn merkt 504-AF er sett inn á sveitarfélagsuppdrátt aðalskipulagsins.

Tákni fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði er bætt við skýringar.

### 3. Áhrifamat

Breytingin felur ekki í sér heimildir til framkvæmda sem líklegar eru til að hafa umtalsverð eða óafturkræf áhrif á umhverfið. Breytingin hefur ekki áhrif á landnotkun og er ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á einstaka aðila. Breytingin á við lítið svæði og skerðir ekki aðra nýtingarhagsmuni.

Mikilvægt er að mannvirki öll verði felld vel að landi og þannig gengið frá að ekki verði unnin spjöll á umhverfinu.

Framkvæmdin er umfangslítil og verður hagað þannig að hún verði afturkræf, þ.e. unnt verður að fjarlægja mannvirki og ummerki um þau. Breytingin mun hafa jákvæð áhrif þar sem bætt aðstaða mun að öllum líkindum bæta umgengni og draga úr sóðaskap og mengun á svæðinu.

Breytingin telst því óveruleg.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem er óveruleg sbr. ákvæði 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps þann

29/6. 2016

SVEITARSTJÓRI SKÚTUSTAÐAHREPPS

sveitarstjóri

Afgreiðsla sveitarstjórnar var auglýst þann

19. sept. 2016

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann

19. sept. 2016

SKIPULAGSSTOFNUN

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar fai

18. júlí 2016
30. maí 2016




Bætt er inn merkingu fyrir Afþreyingar – og ferðamannasvæði í Vikraborgum

LANDMÓTUN

# Deiliskipulag

Samþ. í desember 2016






Skýringarmynd - Gestaskjól, salerni og rotþró. Mkv. 1:250

# AÐ MÆTA KRÖFUM UM MEÐFERÐ ÚRGANGS

- Á hönnunartímanum var lögð mikil vinna í að móta hugmyndir um þurrklósett. Þessi vinna fór í marga hringi áður en niðurstaða lá fyrir.
- Vikraborgir eru úr alfaraleið í 1000 mhys. og á staðnum eru engar veitur hvorki raf- eða fráveitur og óæskilegt að leggja það á umhverfið að taka við miklu affalli. Staðurinn opinn í ca 3 mánuði og mikill snjór og jafnvel frost í jörð langt fram eftir sumri.
- Niðurstaðan að lokum varð önnur en hugsað var í upphafi. Ýmislegt kom þar til. Fjarlægðin milli Dreka og Vikraborgar er 7 km þá var ákveðið að snyrtingarnar ættu að vera frumstæðar, þannig að þær væru einskonar neyðarlausn. Í Dreka er fullkomin nútíma aðstaða. Vatni var sleppt, sólarsellum sleppt og dagsbirta um glugga valinn.

hing /aripall

LANDMÓTUN

# NIÐURSTAÐA

- Vökvi er leiddur beint í siturlagnir og siturbeð áður en það rennur út í hraun.
- Þurrefninu er safnað í þar til gerða stampa í kjallara undir salernishúsi og þeir síðan fluttir á brott  á stað þar sem mögulegt á að vera að jarðgera seyruna. Það er ekki talið vænlegt til vinnings að láta reyna á jarðgerð á hálendinu, svo jarðgerð mun fara fram niðri á láglendi. Eftir jarðgerð má nýta moltuna til landgræðslu og það eru fjölmörg landgræðslusvæði (sem Landgræðslan kemur að) í námunda við Norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Vandinn við að framkvæma slíkt tilraunaverkefni við jafn óvenjulegar aðstæður er augljós. Niðurstaðan var að æskilegt er að framkvæma þessa lausn við venjulegri aðstæður. T.d. á  fáförnum ferðamannastöðum þar sem má vænta mildara veðurfars  s.s. hitastig hærra í lengri tíma.
- Kosturinn við að prófa þetta í Vikraborgum er sá, að ef þetta virkar þar þá hlýtur þetta að geta virkað á hlýrri stöðum.
- Okkur finnst það sýna ákveðna framsækni hjá VJÞ að vera viljug til að prófa svona lausn við svo erfiðar aðstæður.

# HÖNNUN MANNVIRKJA








# Vikraborgir





# Vikraborgir í byrjun september 2017



1.Áfangi salernishúsið



Salerniskjallarinn

LANDMÓTUN